

Hafþór Guðjónsson

# Að rýna í eigin rann

Mikilvægi sjálfsrýni í  
starfendarannsóknum

Starfspróun kennara – hvar eru tækifærin?

6.11.2019

Í fyrirlestrinum færi ég rök fyrir því að sjálfsrýni geti gegnt veigamiklu hlutverki í starfsþróun kennara. Ég byrjaði á því að vitna til orða Einars Sigurdórs Sigurðssonar í nýlegri meistaraþrófsriggerð hans.

Einar Sigurdór Sigurðsson (2019). „**Já, ertu nokkuð að vinna hvort sem er?**“ Rýnt í samskipti kennara og nemenda . M.Ed. ritgerð. Bls. 175:

Þessi vegferð er á enda og nú tekur nýr kafli við. Að hafa farið í gegnum svona starfendarannsókn hefur gefið mér mikið. Ég tel að allir hafi gagn af því að horfa inn á við í sínu starfi og þá gildir einu hver starfsaldurinn er. Rannsóknarvinnubrögðin sem slík er lærdómsrík reynsla sem ég bý að hér eftir og vonandi get ég miðlað þeirri þekkingu til annarra. En það er þó ekki það mikilvægasta sem ég tek með mér. **Að hafa horft inn á við eins og hér hefur verið gert er dýrmætasta reynslan.** Með því hef ég lært heilmikið inn á sjálfan mig, fundið styrkleika og veikleika en einnig fundið styrkleika í veikleikunum. Ég er því sannfærður um að starfendarannsóknin hafi eftt mig og þroskað á mörgum sviðum. **Hún hefur eftt mig sem persónu, kennara og samstarfsmann en einnig sem fagmann.** Ég er reynslunni ríkari.

Hvað er Einar að segja okkur?

Af hverju hefur það svona góð áhrif á Einar að horfa inn á við?

Að mínu mati felst svarið við þessari spurningu að hluta til í því að með því að horfa inn á við kynnist maður sjálfum sér, áttar sig betur á því hver hann er þessi „**ég sem kenni**“. Maður gengur nú öruggari til verka vegna þess að maður er meðvitaðri um eigin viðhorf til skólastarfs, nær um það hverju maður vill trúna og byggja á sem kennari.

Næstu tvær glærur lúta að sérkennum starfendarannsóknna. Ólíkt öðrum rannsóknum beinast þær að rannsakandanum sjálfum, starfsháttum hans og viðhorfum.


Hefðbundnar rannsóknir



Almenn  
þekking



Starfendarannsóknir



Starfstengd, staðbundin og  
persónuleg þekking



## Hinar ýmsu hliðar starfendarannsóknna

### Starfsrýni

leysa praktísk vandamál  
þróa starfshætti

### Þekkingarrýni

gera starfsþekkingu sýnilega  
skapa nýja þekkingu

gefa fólki tækifæri til tala saman og hlusta hvert á annað  
rýna í og gagnrýna skólamenninguna og ríkjandi viðhorf  
þróa orðræðu skólasamfélagsins  
efla tengsl starfsfólks innbyrðis og tengsl þeirra við nemendur

### Sjálfsrýni

rannsaka eigið gildismat  
endurnýja sjálfan sig  
opna glugga gagnvart nýjum viðhorfum  
(læra að) ígrunda eigin reynslu  
finna (dýpri) merkingu í starfi

### Menningarrýni






Þessu næst véc á ég að reynslu minni sem efnafræðikennari við Menntaskólann við Sund. Árið 1990 fór ég að kynna mér erlendar bækur um náttúrufræðimenntun og komst þá að raun um að ný sýn á nám, svokölluð hugsmíðahyggja, var að breiðast út og með henni sú hugmynd að nemandinn væri alls ekki óskrifað blað. Þvert á móti kæmi hann til leiks í skólastofunni með margvíslegar hugmyndir um heiminn og hvernig hlutirnir virka. Þessi vitneskja hafði mikil áhrif á mig og leiddu til þess að ég fór að rýna í eigin kennslu og líta á nemendur sem þekkingarsmiði og samræðuaðila frekar en ílát fyrir upplýsingar eins og hefðin bauð. Litla myndin af veru sem messar yfir fólki er minning frá árinu 1990 þegar ég reyndi að telja samkennurum mínum í MS trú um að nemendur væru þekkingarsmiðir. Sú messa féll í grýttan jarðveg og mér varð ljóst að ég var upplifa árekstur mjög ólíkra orðræðna um nám og kennslu. Ég lét þó ekki deigan síga og ákvað að fara í framhaldsnám til Kanada.




# MS árið 1990

Ég að kenna efnafræði.



„Tóm“ flaska (með tappa í)

## Hugsmíðahyggja




Hvernig lærir fólk? Hver er mín afstaða?

[grein](http://grein.is)

Svo fór ég til Kanada

Tilhvattur af leiðbeinanda mínum ákvað ég að rýna í eigin rann, skoða starfshætti mína og viðhorf, bæði sem efnafræðikennari og kennari kennaranema. Til að byrja með var þetta ansi erfiður róður enda raungreinamaður og slíkir menn líta frekar út á við en inn á við. Til að auðvelda mér róðurinn fékk ég til liðs við mig gott fólk, ýmist lífs eða liðið, og lagði af stað í óvissuferð þar sem markmið mitt var að svara spurningunni „Hvernig lærir fólk að kenna?“ Til að nálgast svarið rýndi ég eigin kennslu og hugmyndirnar sem lágu að baki jafnframt því að eiga „samtöl“ við leiðsögumenn mína og jafnvel herma eftir skrifum þeirra því ég var ekkert sérlega góður í ensku. Þegar frá leið urðu orð og talshættir leiðsögumanna minna að virkum orðaforða mínum sem þýddi að ég var farinn að hugsa á annan hátt en áður. Ég varð sem nýr. Glærur 13, 14 og 15 beinast að þessari endurnýjun.



Eituhress með nýju félagsmenningarlegu gleraugun!  
(Myndin er tekin vorið 2001)

Laðaðist að höfundum á borð við John Dewey, Lev Vygotsky og Jerome Bruner. Fannst ég eiga samhljóm með þeim; líkaði hvernig þeir þeir tóku á málunum, hvernig þeir skrifuðu, svo vel raunar að ég fór að herma eftir þeim, leitast við að skrifa eins þeir en þó sérstaklega eins og bandaríski heimspekingurinn Richard Rorty sem mér fannst hafa svo flottan stíl!

Herma eftir! Barnalegt! Viðurkenni að í byrjun fannst mér þessi „eftiröpun“ svolítið ankannaleg. En bara til að byrja með. Þegar á leið og ég hélt uppteknum hætti varð ég þess var að eitthvað nýtt var í uppsiglingu: ég var farinn að lýsa reynslu minni á annan hátt en ég var vanur, skrifa öðruvísi, hugsa öðruvísi, raunar í þeim mæli að ég spurði í undran: Er þetta ég?


(Að skrifa til að skilja. *Ritun sem rannsókn*. Skólapræðir. Sjá líka Ármann Halldórsson: *Að verða meira við sjálf*. Skólapræðir)

7.11.2019



gleraugun!

Doktorsverkefni mitt var í grunninn samtal við "góða höfunda" sem réttu mér ný orð til að yrða reynslu mína og þróa *mín* eigin fræði, *mína* rödd, *minn* texta og *mína eigin persónulegu kennslufræði*.



Orðræða mín breyttist og þar með hugsun mín. Ég fór t.d. að hugsa öðruvísi um nám og kennslu.

Hugsun mín um sjálfsrýni markast eðlilega af eigin reynslu. Ég upplifði býsna dramatískar breytingar á hugsun minni og viðhorfum þegar ég tók til við „horfa inn á við“ og hika ekki við að fullyrða að sjálfsrýni mín skipti sköpum fyrir mig sem kennara, fræðimann og jafnvel persónu. Hún var lykilþáttur í minni starfsþróun og ég hef orðið þess var að svo er um fleiri. Einar Sigurdór Sigurðsson sem ég vitna til í upphafi þessa fyrirlesturs er ekki einn á báti. Margir nemendur á Menntavísindasviði sem lokið hafa meistaraþrófsverkefnum með sniði starfendarannsóknar hafa svipaða sögu að segja. Og ýmsir fræðimenn taka undir þetta, til dæmis Jean McNiff og Parker J. Palmer, sbr. næstu glæru.




# Sjálfsrýni

Jean McNiff: Ný tegund fræðimennsku (a new type of scholarship):


The new scholarship is different from traditional forms of scholarship in that it locates itself in the real world and places the living “I”, in company with other living “I”s, at the centre of the enquiry. (McNiff, 2007, p. 2)

This book builds on a simple premise: *good teaching comes from within; good teaching comes from the identity and integrity of the teacher.* (Bls. 10)



<https://vimeo.com/155179699>


Myndskeið með  
Parker J. Palmer



Hugmyndin um sjálfsrýni hefur sett mark sitt á mig sem fræðimann og kennara. Í samskiptum mínum við meistaraþrófnema sem ákváðu að gera starfendarannsókn hef ég notað eftirfarandi glæru með þeim skilaboðum að starfendarannsókn gangi fyrst og fremst út á það þróa sín fræði, sína rödd. Þannig verði þeir meiri fagmenn og öflugri kennarar.


# Tilgangur meistaraþrófsverkefna kennararanema

Bæta við og efla almenna þekkingu á menntun og skólastarfi.



Efla sjálfan sig sem fagmann


Þróa sín fræði, sína orðræðu, sína hugsun, sína rödd, sinn texta, sín viðhorf, sínar hugmyndir.



Lokaglæran í fyrirlestri mínum er líkan af sjálfsrýni. Ég byggi líkanið á eigin reynslu en líka á hugmyndum fólks á borð við Jean McNiff, Parker J. Palmer, Lev Vygotsky og Fred Korthagen. Í þessu líkani er litið á kennarann sem fræðasmið sem tekst á við það verkefni að smíða sín eigin fræði (með litlu f-i), þ.e. sína persónulegu þekkingu. Helsta verkfæri hans er dagbók sem lítur á bæði sem skráningartæki og rannsóknartæki; minnugur orða Vygotsky (1986:218) að „hugsun er ekki aðeins tjáð með orðum; hún *verður til með hjálp þeirra*“. Í þessari vinnu lítur hann til eigin reynslu, til samtala sem hann á með starfsfélögum sínum og til Fræða (með stóru F-i) sem hann lítur ekki á sem „heilagan sannleik“ heldur sem *efnivið* í eigin fræðasmíð enda er hann fræðasmiður sem fyrr segir.

# Sjálfsrýni

## LÍKAN



## Heimildir

Hafþór Guðjónsson. (2017). Að skrifa til að skilja: Ritun sem rannsókn. *Skólaþræðir. Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*. Sótt af <https://skolathraedir.is/2017/11/08/ad-skrifa-til-ad-skilja-ritun-sem-rannsokn/>

Halliday, M. A. K. (1993). Towards a language-based theory of learning. *Linguistics and Education*, 5, 93–116.

McNiff, J. (2007). Action research for cultural renewal. A paper presented at the conference Challenges and Opportunities within Practitioner Research, St Angela's College, Lough Gill Sligo, A College of the National University of Ireland, Galway, 11th – 12th May 2007. A word version retrieved from <http://www.jeanmcniff.com/items.asp?id=21>

Parker J. Palmer. (1998). *The courage to teach. Exploring the inner landscape of a teacher's life*. San Francisco: Jossey-Bass Publishers.

Vygotsky, L. S. (1978). The development of perception and attention. Í M. Cole, V. John-Steiner, S. Schreibner og E. Souberman (ritstj.), *Mind in society*, bls. 31–37. Cambridge: Harward University Press.